

## Samningur um rekstur sérhæfðrar dagdvalar á Sólvangi í Hafnarfirði

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði (hér eftir Hfj.) og Sóltún öldrunarþjónusta ehf., kt. 650310-0710, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir SÖ), gera með sér eftirfarandi samning um rekstur sérhæfðrar dagdvalar á Sólvangi, Sólvangsvegi 2 í Hafnarfirði.

### 1.gr.

#### Gildissvið

Samningur þessi tekur til reksturs 12 sérhæfðra dagdvalarrýma á Sólvangi, Sólvangsvegi 2 í Hafnarfirði, fyrir aldraða einstaklinga.

### 2.gr.

#### Lög og reglugerðir

Samningur þessi er gerður á grundvelli X. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og á grundvelli 3. tl. 13. gr., 15 gr., 16. gr. og 19. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

Þá gilda um starfsemina reglugerð um dagdvöl aldraðra nr. 1245/2016 og gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands fyrir dagdvöl aldraðra á vegum stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2020 og eru án samnings um verð við Sjúkratryggingar Íslands nr. 1258/2019 eða sú gjaldskrá eða rammasamningur sem síðar kann að taka við.

### 3.gr.

#### Markmið samnings

Markmið samnings þessa er að tryggja öldruðum einstaklingum með heilabilun tiltekna þjónustu og styðja við aðstandendur þeirra með rekstri sérhæfðrar dagdvalar fyrir heilabilaða á Sólvangi.

### 4.gr.

#### Þjónustan

SÖ tekur að sér að sjá um rekstur 12 sérhæfðra dagdvalarrýma fyrir einstaklinga með heilabilun. Einstaklingar með lögheimili í Hafnarfirði skulu ganga fyrir í þjónustunni.

Um þjónustuna, umsókn um dvöl og samskipti fer eftir gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands fyrir dagdvöl fyrir heilabilaða sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2020 og eru án samnings um verð við Sjúkratryggingar Íslands nr. 1258/2019 eða þeirri gjaldskrá eða rammasamningi sem síðar kann að taka við.

Lögð skal áhersla á samvinnu við Alzheimersamtökin sem faglegum bakhjarli þjónustunnar.

### 5.gr.

#### Réttindi og skyldur starfsmanna

Starfsmenn SÖ annast þjónustuna í dagdvölinni og því eru þeir aðilar sem ráðnir eru til starfa starfsmenn SÖ með öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgir. Starfsmenn munu starfa samkvæmt þeirri hugmyndafræði, lögum og reglugerðum sem starfsemin byggir á.

SÖ skal láta alla starfsmenn undirrita trúnaðaryfirlýsingu sem og þagnarheit og skulu starfsmenn bundnir þagnarskyldu um málefni einstaklinga í samræmi við gildandi lagaákvæði þar að lútandi. Þagnarskylda helst þó svo að þjónustusamningi milli aðila ljúki og einnig ef starfsmenn SÖ láta af störfum.

SÖ skuldbindur sig til að hlíta gildandi lögum og reglum um hollustu, vinnuvernd og aðbúnað á vinnustað.

#### **6.gr.**

##### **Persónuvernd og öryggi**

SÖ skal tryggja að öll vinnsla og meðferð á persónuupplýsingum sé í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Ber SÖ ábyrgð á vinnslu þeirra persónuupplýsinga sem rekstur dagdvalarrýma skv. samningi þessum felur í sér.

Skal SÖ þ.á.m. gæta þess að viðhafa viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að tryggja viðunandi öryggi upplýsinga og vernda þær m.a. gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi, gegn óleyfilegum aðgangi og gegn allri annarri ólögumætri vinnslu.

Yfirlýsing um tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir SÖ er fylgiskjal nr. 1 við samning þennan og er almenn lýsing á tæknilegum og skipulagslegu öryggisráðstöfunum sem SÖ hefur þegar gripið til.

#### **7.gr.**

##### **Fjármögnun dagdvalar - greiðslur frá SÍ**

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) greiða SÖ daggjöld og sendir SÖ reikninga vegna kostnaðar við veitta þjónustu mánaðarlega til SÍ sem greiðir eftir hvern almanaksmánuð. Framangreint skal gert í umboði Hfj. sé þess þörf. Á reikningi skulu koma fram kennitölur þeirra einstaklinga sem hafa nýtt sér dagdvöl undanfarinn mánuð.

Um greiðslur fer að öðru leyti eftir gjaldskrá SÍ fyrir dagdvöl fyrir heilabilaða á vegum stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2020 og eru án samnings um verð við Sjúkratryggingar Íslands nr. 1258/2019 eða þeirri gjaldskrá eða rammasamningi sem síðar kann að taka við.

Engar viðbótargreiðslur eru greiddar frá Hfj. til SÖ vegna rekstur sérhæfðu dagdvalarinnar.

SÖ ber fjárhagslega ábyrgð á rekstrinum og skuldbindur sig til að kaupa lögboðnar tryggingar.

#### **8.gr.**

##### **Fjármögnun dagdvalar - greiðslur frá notendum dagdvalar**

Greiðslubátttaka hins sjúkratryggða vegna dagdvalar fer samkvæmt 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, sbr. einnig reglugerð nr. 1245/2016 um dagdvöl aldraðra, með breytingum skv. reglugerð nr. 1174/2017. SÖ sér um innheimtu gjaldsins sem er innheimt mánaðarlega.

#### **9.gr.**

##### **Húsnæði**

Hfj. leggur starfseminni til húsnæði á Sólvangi, Sólvangsvegi 2 í Hafnarfirði án endurgjalds. SÖ hefur afnot af rými sérhæfðar dagdvalar sem staðsett er á fyrstu hæð í gamla Sólvangi. Sjá fylgiskjal nr. 3.

SÖ greiðir hins vegar allan sérgreindan kostnað af hinu leigða, svo sem rafmagn, hita og ræstingu.

SÖ er kunnugt að eldhús, þvottahús og búningsaðstaða er til afnota fyrir allt húsið.

SÖ hefur jafnframt aðgengi að sameign í húsinu.

SÖ er rekstraraðili hjúkrunarheimilis í nýbyggingu við Sólvang og dagdvalar fyrir aldraða sem er á fyrstu hæð í gamla Sólvangi.

Áætluð verklok eru 1. október 2020 og mun þá Hfj. afhenda SÖ húsnæðið fullbúið til notkunar. Lausabúnaður afhendist þegar hann kemur frá birgja en pöntun hefur þegar verið gerð samkvæmt lista sem er fylgiskjal nr. 2 með samningi þessum. SÖ ber ábyrgð á viðhaldi/endurnýjun á lausabúnaði.

Nokkuð er af lausabúnaði í Sólvangi og er SÖ heimilt að nota það sem nýtilegt í sérhæfðu dagdvölinna af þeim búnaði.

SÖ skuldbindur sig til að hefja rekstur sérhæfðrar dagdvalar í síðasta lagi 1. janúar 2021 miðað við áætluð verklok.

SÖ er kunnugt að unnið er að endurbótum á eldra húsnæði Sólvangs, þ.e. 2., 3. og 4. hæð. Hfj. skuldbindur sig til að upplýsa og vera í samráði við SÖ þegar um mjög hávaðasamar framkvæmdir eru fyrirhugaðar eru með hæfilegum fyrirvara.

#### **10. gr. Samstarf**

SÖ og fjölskyldu- og barnamálasvið Hafnarfjarðarkaupstaðar skulu funda reglulega til að tryggja árangursríkt samstarf og samræma áherslur milli aðila. Fulltrúi frá Alzheimersamtökunum skal einnig funda reglulega með umræddum aðilum.

SÖ og Alzheimersamtökin skulu funda reglulega til að tryggja árangursríkt samstarf og samræma áherslur milli aðila.

#### **11.gr. Skýrslur, eftirlit og árangur**

SÖ mun halda skráningu yfir kvartanir og skilgreina boðleiðir þeirra og meðferð sem lið í gæða og umbótarstarfi þjónustunnar. Hfj. getur kallað eftir þessum upplýsingum og fær þá kynningu á þeim kvörtunum sem hafa borist og úrlausnum. Hfj. er heimilt að gera úttekt á starfsemi hvenær sem er á samningstímanum.

#### **12.gr. Vanefndir**

Verði uppi ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða telji aðilar samninginn vanefndan af hálfu gagnaðila, skulu samningsaðilar leitast við að jafna ágreining sinn.

Ef annar aðili samnings þessa vanefnir með verulegum hætti samningsskyldur sínar er unnt að fara fram á riftun samningsins. Samningi verður þó ekki rift nema vanefnd sé veruleg enda hafi aðili áður gert gagnaðila samnings þessa viðvart með skriflegri tilkynningu og sett honum hæfilegan frest til úrbóta.

#### **13.gr. Ágreiningsmál**

Mál er kunna að rísa vegna brota og vanefnda á samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

**14.gr.**  
**Endurskoðun**

Heimilt er að fara fram á endurskoðun samnings þessa sé notkun á fjölda dvalarrýma ófullnægjandi að mati samningsaðila.

**15.gr.**  
**Breytingar og framsal**

Breytingar á samningi þessum skulu einungis gerðar með skriflegum og löglega undirrituðum viðbótarsamningi milli aðila. SÖ má ekki framselja samninginn nema með skriflegu leyfi Hfj. Þetta gildir þó ekki ef um félag er að ræða sem er innan sömu fyrirtækjasamstæðu og SÖ en SÖ skal tilkynna til Hfj. um slíkt.

**16.gr**  
**Gildistími. Uppsögn**

Samningurinn gildir frá og með undirritun samnings og til 31. desember 2020 og lengur verði honum ekki sagt upp. Samningnum er hægt að segja upp með sex mánaða fyrirvara beggja aðila og skal uppsögnin vera skrifleg.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum, einu handa hvorum aðila og telst hvort um sig fullgilt frumrit samnings.

Hafnarfirði,

2020

f.h Hafnarfjarðarkaupstaðar

f.h Sóltúns öldrunarþjónustu ehf

---

---

Fylgiskjal nr. 1: Tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir.

Fylgiskjal nr. 2: Búnaðarlisti

Fylgiskjal nr. 3: Teikning af 1 hæð Sólvangs